

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sementsverksmiðjan

Dagsetning	15.11.2011	Fulltrúar UST	Ólafur Kristinn Tryggvason og Eva Dögg Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Sementsverksmiðjan	Starfsleyfi, gildir til	31.12.2024
Heimilisfang	Mánabraut 10, 300 Akranesi	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	560159-5369	Fulltrúar fyrirtækis	Sesselja Einarsdóttir og Ketill Bjarnason
Isat nr.	26.51.0	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	64° 19,011'N, 22° 4,806'W
Starfsemi	Sementsframleiðsla		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi, lögum né reglugerðum komu í ljós í eftirlitinu og engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á því að fara í eftirlitsferð um verksmiðjuna fyrst var farið í stjórnstöð verksmiðjunnar síðan í ofnhúsið þar sem ofninn var skoðaður. Fyrst var komið að þeim enda ofnsins þar sem kyndibúnaðurinn er og hann kannaður en ofninn er kynntur með kolum þannig að ekki var um neitt olíusmit eða annað slíkt að ræða síðan var gengið með ofninum að þeim enda þar sem hráefnismötunin fer fram. Hráefnið er að mestu leðja sem er blanda af skeljasandi, líparít og vatni. Þá var farið í kjallara undir ofninum þar sem gjallið kemur úr ofninum og þar fer fram kæling á gjallinu.

Að lokum var farið í þann hluta verksmiðjunnar þar sem framleiðsluferlið í raun byrjar eða þar sem mölun skeljasands og líparíts á sér stað og leðjan er framleidd.

Að eftirlitsferðinni um fyrirtækið lokinni var fundað með fulltrúa rekstraraðila. Farið var yfir skil á gögnum samkvæmt ákvæðum í starfsleyfi. Öllum gögnum sem fyrirtækinu ber að skila til Umhverfisstofnunar samkvæmt starfsleyfi hafði verið skilað inn á réttum tíma og mælingar eru innan marka.

FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Engin frávik frá starfsleyfi, lögum né reglugerðum komu í ljós í eftirlitinu. Engin athugasemd var gerð í eftirlitinu.

Önnur atriði:

Olíudreifing á olíugeymi á lóð Sementsverksmiðjunnar sem verksmiðjan hefur ein afnot af og samkvæmt samkomulagi við Olíudreifingu sér Sementverksmiðjan um allan rekstur og viðhald geymisins ásamt lögnum frá honum niður á bryggju. Í eftirlitinu var spurt fyrir um framgang þeirra mála og kom fram að geymirinn stendur nú tómur og beðið er eftir botnþykktarmælingum og þrýstiprófunum lagna.

Það kom einnig fram að geymirinn og lagnirnar eru ekkert notuð lengur þar sem í honum var geymd úrgangsolía sem er ekki lengur notuð í verksmiðjunni.

Reykjavík, 28/11/2011

Ólafur Kristinn Tryggvason

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.